

Sp.

1055. Nefndarálit

[49. mál]

um till. til þál. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Frá félagsmálanefnd.

Auk tillögu þessarar liggur fyrir þinginu frumvarp til laga um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 27. mál, Nd., og till. til þál. um undirbúning lífeyrissjóðsréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum, 428. mál, Sp. Þingmál þessi fjalla öll í megindráttum um sama efni. Nefndin hefur rætt málið með hliðsjón af þessum þingmálum og náð samkomulagi um eftirfarandi

B R E Y T I N G U :

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 1987.

Alþingi, 18. mars 1987.

Gunnar G. Schram,
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Árni Johnsen.

Stefán Valgeirsson.

Jón Kristjánsson.

Guðrún Helgadóttir.

Friðjón Þórðarson.